



Starfsábyrgðartrygging lögmanna

Skilmáli SA-1

Tryggingin er gefin út samkvæmt 25. gr. laga nr. 77/1998 um lögmenn og reglugerð. nr. 200/1999 um starfsábyrgðartryggingar lögmanna.

Um trygginguna gilda skirteinið ásamt áritun og sérskilmálum, skilmálar þessir, almennir skilmálar félagsins nr. AS-1 og ákvæði laga um váttryggingarsamninga nr. 30/2004, hér eftir vsl. Ákvæði í skilmála þessum ganga framur ákvæðum í almennum skilmálum ef ekki er fullt samræmi þar á milli.

Í skilmálanum merkir hugtakið „félagið“ Vörður tryggingar hf. Þegar talað er um „viðskiptamann“ er átt við einstakling sem veitt hefur lögmanni umboð til að sinna ákveðnum verkefnum fyrir sig.

1. Kafli. Bótasvið

1. gr. Hvað bætir tryggingin?

Tryggt er gegn bótaskyldu sem fellur á tryggðan, sem lögmenn, þegar viðskiptamaður verður fyrir almennu fjártjóni sem rakið verður til tryggðs sjálfs eða starfsmanns hans.

2. gr. Hvað bætir tryggingin ekki?

Tryggingin tekur ekki til ábyrgðar sem rakin verður til:

- ásetnings tryggðs eða starfsmanna hans.
- ábyrgðar sem tryggður tekur á sig og er viðtækari en almenn bótaskylda hans sem lögmenns.
- sekta sem falla á tryggðan eða viðskiptamann.
- líkamstjóns eða skemmda á munum.
- lögmannsstarfa tryggðs utan Evrópska efnahagssvæðisins eða bótaábyrgðar sem er ríkari en eftir þeim reglum sem þar gilda um skaðabótgrundvöll eða ákvörðun bótafjárhæðar.

2. Kafli. Almenn ákvæði

3. gr. Hver er tryggður?

Tryggðir eru lögmenn þeir sem tilteknir eru á skirteini.

4. gr. Hvar gildir tryggingin?

Tryggingin gildir hvar sem er innan Evrópska efnahagssvæðisins.

5. gr. Tryggingarfjárhæð

Tryggingarfjárhæð nemur þeirri fjárhæð sem kemur fram á skirteini og takmarkast ábyrgð félagsins við þá fjárhæð. Tryggingarfjárhæðin breytist eftir vísitölu, sbr. 14. gr. skilmálans.

Félagið greiðir kostnað vegna ákvörðunar um skaðabótaskyldu eða bótafjárhæð enda þótt greiðsla félagsins fari af þeim sökum fram úr tryggingarfjárhæðinni. Sama gildir um vexti, sem tryggður er dæmdur til að greiða af skaðabótakröfu sem tryggingin tekur til.

Sé tryggingarfjárhæðin lægri en dæmdar skaðabætur er félaginu þó aðeins skylt að greiða þann hluta vaxta og kostnaðar er svarar til bótafjárhæðar þeirrar sem því ber að greiða.

6. gr. Eigin áhætta

Af hverju tjóni ber tryggingartaki og/eða tryggður eigin áhættu eins og getið er á skirteini. Fjárhæð þessi breytist árlega eftir vísitölu, sbr. 14. gr. skilmálans. Eigin áhætta tryggingartaka hefur ekki áhrif á réttarstöðu viðskiptamanns.

7. gr. Uppsagnarréttur

Tryggingunni lýkur ef tryggður fullnægir ekki lengur lögmæltum skilyrðum um leyfi til málflutnings.

Enda þótt tryggingin sé fallin úr gildi ber félagið ábyrgð gagnvart viðskiptamanni á hverju tjóni sem rekja má til tjónsatvika sem verða þar til 30 dagar eru liðnir frá því að félagið tilkynnti tryggðum og stjórn Lögmannafélags Íslands að trygging væri fallin úr gildi nema önnur fullnægjandi trygging hafi verið sett fyrir þennan frest.

8. gr. Ábyrgðartími

Tryggingin tekur til skaðabótakröfu gegn tryggðum sem til stofnast á tryggingartímanum án tillits til þess hvenær það atvik varð sem krafan reis af.

Skaðabótakrafa telst hafa stofnast við það tímamark að hið fyrra af eftirfarandi tilvikum hefur borið að höndum:

- a. að viðskiptamaður gerir skriflega skaðabótakröfu á hendur tryggðum.
- b. að tryggðum verður fyrst kunnugt um að viðskiptamaður hefur orðið fyrir fjárhagslegu tjóni sem kann að verða rakið til gáleysis tryggðs eða starfsmanns hans eða að bein hætta er á að slíkt tjón verði.

Tryggingin tekur ekki til tjóns vegna skaðabótakröfu sem stofnast hefur gegn tryggðum á tryggingartímanum, hafi krafan ekki verið tilkynnt félaginu í síðasta lagi 3 mánuðum eftir lok tryggingarinnar. Þótt tjón teljist hafa orðið á tryggingartímanum og það hafi verið tilkynnt félaginu innan 3 mánaða eftir lok tryggingarinnar, tekur tryggingin ekki til slíks tjóns nema tryggður hafi móttekið skriflega skaðabótakröfu skv. a. lið. 2. mgr. og tilkynni það félaginu í síðasta lagi innan 2 ára eftir lok tryggingarinnar.

Skaðabótakröfu skv. 2. mgr. sem rakin er til tjóns er verður hvort heldur skyndilega eða smám saman bætir félagið ekki, hafi tjón komið í ljós að einhverju leyti eða öllu áður en tryggingartíminn hófst.

9. gr. Meðhöndlun skaðabótakröfu

Jafnskjótt og tryggður fær vitneskju eða grun um að skaðabótakrafa verði gerð á hendur honum ber honum að tilkynna félaginu það skriflega.

Sé gerð skaðabótakrafa á hendur tryggða hefur félagið fyrirvar vegna þeirrar kröfu og eru heimilar hvers kyns ráðstafanir til þess að meðhöndla kröfuna svo sem viðurkenningu á bótaskyldu, verjast kröfunni eða gera um hana samkomulag enda eru þessar ráðstafanir á kostnað félagsins svo og málskostnaður vegna þeirra.

Félagið er ekki bundið af því ef tryggður greiðir eða viðurkennir skaðabótakröfu nema leitt sé í ljós að tryggður gerði aðeins það sem honum var skylt að lögum er hann greiddi kröfuna eða viðurkendi réttmæti kröfunnar.

10. gr. Aukin áhætta

Verði breytingar á atvikum eða upplýsingum, sem félaginu hefur verið skýrt frá í tryggingarbeiðni, eða á annan hátt, skal tryggingartaki tilkynna félaginu um þær.

11. gr. Endurkröfuréttur

Félagið á ætíð endurkröfurétt á hendur tryggingartaka/tryggðum hafi félagið greitt bætur eftir að trygging hefur fallið niður, sbr. 2. mgr. 7. gr.

12. gr. Samsömun

Félaginu er heimilt að bera fyrir sig að starfsmenn tryggingartaka eða tryggðs hafi brotið gegn ákvæðum tryggingarinnar skv. 3. mgr. 29. gr. vsl.

13. gr. Vísitölbreytingar

Tryggingarfjárhæð skv. 4. gr. miðast við vísitölu neysliverðs til verðtryggingar, grunnvísitala 184,5 stig. Skal hún breytast 1. janúar ár hvert í hlutfalli við breytingar á þeirri vísitölu. Iðgjaldið og eigin áhætta breytast á sama hátt.

Skilmáli þessi gildir frá 01.04.2023